

Fundargerð samstarfsnefndar
Félagsráðgjafafélag Íslands, Félags sjúkráþjálfara, Iðjuþjálfafélags Íslands,
Sálfræðingafélags Íslands og Þroskaþjálfafélags Íslands annars vegar
og Reykjavíkurborgar hins vegar

Fundur samstarfsnefndar Félagsráðgjafafélags Íslands, Félags sjúkráþjálfara, Iðjuþjálfafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands og Þroskaþjálfafélags Íslands annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar var haldinn í húsnæði ríkissáttasemjara þann 9. maí 2023 og hófst kl. 15:30.

Fundinn sátu f.h. FÍ: Steinunn Bergmann, f.h. FS: Gunnlaugur Már Briem, f.h. ÍÍ: Þóra Leósdóttir, f.h. SÍ: Anna María Frímansdóttir, f.h. ÞÍ: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. F.h. Reykjavíkurborgar: Raket Guðmundsdóttir, Einar Geir Þorsteinsson, Kolbeinn Guðmundsson, Íris Jóhannsdóttir og Anna Guðmundsdóttir.

Yfirferð yfir innleiðingu ákvarðana um önnur laun til tiltekinna starfahópa á velferðarsviði

Aðilar eru ásáttir um að samstarfsnefndum aðila verði haldið upplýstum um yfirferð velferðarsviðs á innleiðingu sérstakra ákvarðana um greiðslur annarra launa á grundvelli gr. 1.1.3 til tiltekinna starfahópa á velferðarsviði, sjá meðfylgjandi lista vegna kortlagningar samningsaðila. Í því felist meðal annars hvort koma hafi átt til hækkunar greiðslanna vegna sérstakra ákvarðana sviðsins og ef við á, frá hvaða tíma hefði átt að bjóða viðkomandi starfsfólki endurskoðun samnings um önnur laun, þó aldrei fyrr en 1. janúar 2022. Vinnu við framangreint verði lokið 1. september nk.

Þá eru aðilar jafnframt sammála um að framangreind endurskoðun sviðsins geti ekki náð til þess tíma er starfsmaður var ekki í gildandi ráðningarsambandi, ekki við vinnu eða hafði hafnað endurskoðun samnings um önnur laun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.